

Kjarakönnun

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félaga í VM*

Desember 2023



Kjarakönnun. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í VM.

Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Maya Staub

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN: 978-9935-532-32-9

Efnisyfirlit

Töfluyfirlit.....	3
1 Inngangur	6
2 Aðferð	7
3 Niðurstöður	8
3.1 Menntun, starfssvið og staða á vinnumarkaði.....	9
3.2 Starfsemi fyrirtækis, mannaforráð og samsetning launa og kjarasamninga.....	13
3.3 Starfshlutfall og vinnutími	19
3.3.1 Starfshlutfall og vinnutími félagsmanna á pakkalaunum.....	19
3.3.2 Starfshlutfall og vinnutími félagsmanna á dagvinnulaunum.....	22
3.4 Stytting vinnuvikunnar.....	26
3.5 Þjónusta félagsins.....	31
3.6 Launagreining - Mánaðarlaun.....	32
3.6.1 Launagreining félagsmanna á dagvinnulaunum.....	32
3.6.2 Launagreingin félagsmanna á pakkalaunum.....	37
3.7 Launagreining - Tímakaup.....	41

Töfluyfirlit

Tafla 1 Lýðfræðileg samsetning.....	8
Tafla 2. Menntun.....	9
Tafla 3. Skörun vélstjórnar- og málmtæknináms.....	11
Tafla 4. Staða á vinnumarkaði.....	12
Tafla 5. Aðalstarfssvið.....	12
Tafla 6. Atvinnurekandi á almennum eða opinberum markaði.....	13
Tafla 7. Starfsemi á vinnustað.....	13
Tafla 8. Mannaforráð.....	14
Tafla 9. Dagvinnulaun og yfirvinna eða pakkalaun.....	14
Tafla 10. Kjarasamningar.....	14
Tafla 11. Kjarasamningar eftir menntun.....	16
Tafla 12. Kjarasamningur eftir starfssviði.....	18
Tafla 13. Dagvinna eða vaktavinna.....	19
Tafla 14. Hvert var starfshlutfall þitt í september 2023?.....	19
Tafla 15. Vinnustundir á viku í september. Pakkalaun.....	20
Tafla 16. Vinnustundir á viku í september eftir aldri, búsetu, starfsvettvangi og mannaforráðum. Pakkalaun.....	21
Tafla 17. Bakvaktarstundir í september 2023. Pakkalaun.....	21
Tafla 18. Hlunnindi.....	22
Tafla 19. Fjöldi dagvinnustunda í september.....	23
Tafla 20. Fjöldi yfirvinnustunda í september.....	23
Tafla 21. Yfirvinnustundir í september eftir aldri, búsetu, starfsvettvangi og mannaforráðum.....	24
Tafla 22. Bakvaktir.....	25
Tafla 23. Fjöldi bakvaktarstunda í september.....	25
Tafla 24. Hlunnindi.....	26
Tafla 25. Samið um styttingu vinnuvikunnar á vinnustað.....	26

Tafla 26. Skilgreindir dagvinnustunda á vinnustað.....	27
Tafla 27. Stytting vinnuvikunnar eftir launasamsetningu, vinnufyrirkomulagi, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum.....	28
Tafla 28. Fjöldi dagvinnustunda í fullu starfi eftir launasamsetningu, vinnufyrirkomulagi, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum.....	30
Tafla 29. Hvaða þjónusta VM nýtt á síðastliðnum 12 mánuðum.....	31
Tafla 30. Ánægð eða óánægð með þjónustu VM.....	31
Tafla 31. Ánægð eða óánægð með þjónustu eftir tegund þjónustu.....	32
Tafla 32. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aldri.....	33
Tafla 33. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir búsetu.....	33
Tafla 34. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir tungumáli sem svarað var á.....	33
Tafla 35. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir menntun.....	34
Tafla 36. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir starfssviði.....	34
Tafla 37. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir almenna og opinbera markaðnum.....	34
Tafla 38. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aðal starfsemi fyrirtækis.....	35
Tafla 39. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir mannaforráðum.....	35
Tafla 40. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir kjarasamningum.....	36
Tafla 41. Meðaltal grunnlauna, yfirvinnugreiðslna og heildarlauna auk staðalfrávíks og fjórðungsmarka heildarlauna félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir vinnufyrirkomulagi.....	37
Tafla 42. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir aldri.....	37
Tafla 43. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir búsetu.....	37
Tafla 44. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir tungumáli sem svarað var á.....	38
Tafla 45. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir menntun.....	38
Tafla 46. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir starfssviði.....	38
Tafla 47. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir almenna og opinbera markaðnum.....	39
Tafla 48. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir aðalstarfsemi fyrirtækis.....	39
Tafla 49. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir mannaforráðum.....	40
Tafla 50. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir vinnufyrirkomulagi.....	40
Tafla 51. Meðaltal heildargreiðslna, staðalfrávik og fjórðungsmörk heildargreiðslna félagsmanna á pakkalaunum. Eftir kjarasamningum.....	41
Tafla 52. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aldri.....	41
Tafla 53. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aldri.....	42

Tafla 54. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir búsetu.	42
Tafla 55. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir búsetu.	42
Tafla 56. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir tungumáli sem svarað var á.	43
Tafla 57. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir tungumáli sem svarað var á.	43
Tafla 58. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir menntun.....	43
Tafla 59. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir menntun.....	44
Tafla 60. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir starfssviði.	44
Tafla 61. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir starfssviði.	45
Tafla 62. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir almenna og opinbera markaðnum.	45
Tafla 63. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir almenna og opinbera markaðnum.	45
Tafla 64. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aðalstarfsemi fyrirtækis.	46
Tafla 65. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir aðalstarfsemi fyrirtækis.	47
Tafla 66. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir mannaforráðum.	47
Tafla 67. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir mannaforráðum.	48
Tafla 68. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir vinnufyrirkomulagi.	48
Tafla 69. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir vinnufyrirkomulagi.	48
Tafla 70. Meðaltal tímavinnulauna í dagvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir kjarasamningum.	49
Tafla 71. Meðaltal tímavinnulauna í yfirvinnu félagsmanna á dagvinnulaunum. Eftir kjarasamningum.	49

1 Inngangur

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna óskaði eftir því að Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi kjarakönnun meðal félagsmanna. Markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á laun og kjör vélstjóra og málmæknimanna sem starfa í landi, í september 2023, bæði þeirra sem eru á samsettum launum og pakkalaunum.

Könnunin var lögð fyrir í október og nóvember 2023 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar.

2 Aðferð

Könnunin var lögð fyrir félagsmenn VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna sem starfa í landi. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku og pólsku. VM sendi hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar á félagsfólk sitt með tölvupósti og SMS skilaboðum. Könnunin var opin frá 16. október til 27. nóvember 2023.

Könnunin var send á 1798 félagsmenn. Svarendur voru 483 og svarhlutfallið því 27%.

3 Niðurstöður

Í niðurstöðum er byrjað á því að skoða lýðfræðilega þætti þeirra er svöruðu eftir aldri, búsetu og því tungumáli sem könnuninni var svarað á. Í kafla 3.1 er greint frá menntun, starfssviði og stöðu á vinnumarkaði. Í kafla 3.2 er greint frá starfsemi fyrirtækis, hlutfalli þeirra sem eru með mannaforráð, samsetningu launa og eftir hvaða kjarasamningum félagsmenn taka laun. Í kafla 3.3 er fjallað um starfshlutfall og vinnutíma félagsmanna, annars vegar þeirra sem eru á pakkalaunum og hins vegar þeirra sem fá grunnlaun (dagvinnulaun) auk yfirvinnugreiðslna. Kafli 3.4 fjallar um styttingu vinnuvikunnar og í kafla 3.5 er greint frá viðhorfum svarenda til þjónustu stéttarfélagsins. Að lokum má finna launagreiðingu félagsmanna, annars vegar þeirra á pakkalaunum og hins vegar þeirra á dagvinnulaunum auk yfirvinnugreiðslna í kafla 3.6.

Tafla 1 sýnir lýðfræðilega samsetningu svarenda innan VM. Í töflunni sést að hlutfallslega flestir svarendur er á aldrinum 51-60 ára (24,2%), næst flestir eru 41-50 ára (23,5%) og því næst 31-40 ára (21,5%). Tæplega fimmtungur svarenda eru 61 árs eða eldri (18,2%) og rúmlega einn af hverjum tíu (12,5%) eru 30 ára eða yngri. Á höfuðborgarsvæðinu búa 62,4% svarenda en ríflega þriðjungur býr á landsbyggðum (37%). Yfirgnæfandi meirihluti svarenda svöruðu könnuninni á íslensku (91,9%) en 8,1% þátttakenda svöruðu könnuninni á öðru tungumáli.

Tafla 1 Lýðfræðileg samsetning.

	Hlutfall	N
<i>Aldur</i>		
30 ára og yngri	12,5%	57
31-40 ára	21,5%	98
41 – 50 ára	23,5%	107
51 – 60 ára	24,2%	110
61 árs eða eldri	18,2%	83
<i>Búseta</i>		
Á höfuðborgarsvæðinu	62,4%	300
Á landsbyggðunum	37,0%	178
Vil ekki svara	0,6%	3
<i>Tungumál svarenda</i>		
Íslenska	91,9%	444
Erlent tungumál	8,1%	39

3.1 Menntun, starfssvið og staða á vinnumarkaði

Tafla 2 sýnir menntun svarenda. Hæst er hlutfall þeirra sem eru menntaðir í vélvirkjun eða vélsmíði (30,6%). Næst hæst er hlutfall vélfræðinga (26,7%) en það eru þeir sem ýmist hafa lokið C eða D námi í vélstjórn auk sveinsprófs í einhverju vél- eða málmtækninámi. Nokkuð lægra hlutfall hefur lokið öðru námi. 8,7% hefur lokið stálsmíði eða skipa- og stálvirkjasmíði (ketil- og plötusmíði) og jafn hátt hlutfall hefur lokið sveinsprófi í rafiðn. Ögn lægra hlutfall hefur lokið málmsuðu (8,5%), 2. stigi vélstjórnar (7,5%), 4. stigi vélastjórnar (7,2%) og rennismíð (6,2%). Lægra hlutfall hefur lokið öðrum námi.

Tafla 2. Menntun.

	Hlutfall	N
Blikksmíði	1,2%	6
Stálsmíði – skipa- og stálvirkjasmíði (Ketil- og plötusmíði)	8,7%	42
Rennismíði	6,2%	30
Málmsuðu	8,5%	41
Vélvirkjun/Vélsmíði	30,6%	148
Veiðafæratækni (netagerð)	2,1%	10
Málmsteypu og mótasmíði	0%	0
Vélstjórn, 1 stig	5,4%	26
Vélstjórn, A-nám (2. stig)	7,5%	36
Vélstjórn, B-nám (3. stig)	2,7%	13
Vélstjórn, C-nám	0,2%	1
Vélstjórn, D-nám (4. stig)	7,2%	35
Vélfræðingur	26,7%	129
Sveinspróf í rafiðn	8,7%	42
Iðnfræði	5,6%	27
Tæknifræði	0,6%	3
Verkfræði	0,6%	3
Annað vél- eða málmtækninámi	5,8%	28
Annað háskólanám	3,7%	18
Vil ekki svara	4,1%	20

Tafla 3 sýnir skörun vélstjórnar- og málmtæknináms svarenda. Niðurstöðurnar sýna að þeir þátttakendur sem ekki hafa vélastjórnarréttindi en hafa hins vegar lokið einhverju málmtækninámi eru 252 talsins. Þar af eru 118 svarendur hafa lokið námi í vélvirkjun eða vélsmíði, 6 í blikksmíði, 28 í rennismíði og 36 í stálsmíði eða skipa- og stálvirkjasmíði. 32 hafa lokið námi í málmsuðu, 10 í netagerð eða veiðarfæratækni og 22 hafa lokið námi í öðru vél- eða málmtækninámi. Þeir sem hafa lokið vélstjórnarréttindum af einhverju stigi en ekki málmtækninámi eru 71 talsins. Þar af eru 15 sem hafa lokið 1. stigi, aðrir 15, 2. stigi, fimm einstaklingar hafa lokið 3. stigi, einn hafði lokið C-námi og 35 svarendur höfðu lokið D-námi (4. stigi). Svarendur sem höfðu lokið einhverju málmtækninámi auk vélstjórnarréttinda af

einhverju stigi eru 159 talsins. Þar af höfðu 10 lokið 1. stigi í vélstjórnar, 14 höfðu lokið 2. stigi og 6 svarendur höfðu lokið 3. stigi. Svarendur sem svo teljast til vélfræðinga eru 129 talsins.

Tafla 3. Skörun vélstjórnar- og málmæknináms.

Vélstjórnarnám								
Málmæknináms	Engin vélstjórnarréttindi	1. stig	A-nám (2.stig)	B-nám (3.stig)	C-nám	D-nám (4.stig)	Vélfræðingur	Samtals
Engin málmækniréttindi		15	15	5	1	35		71
Vélfræðingur							129	129
Vélvirkjun/vélsníði	118	7	9	5				139
Blikksníði	6	0	0	0				6
Rennisníði	28	1	0	0				29
Stálsníði – skipa- og stálvirkjasmíði	36	0	2	0				38
Málmstöð	32	0	2	1				35
Málmsteypa og mótasníði	0	0	0	0				0
Veiðarfæratækni	10	0	0	0				10
Annað vél- eða málmæknináms	22	2	1	0				25
Samtals fjöldi	252	25	29	11	1	35	129	482

Tafla 4 sýnir stöðu félagsmanna á vinnumarkaði. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda eru í launuðu starfi (94,3%) en mun lægra hlutfall hefur aðra stöðu. Af þeim er hæst hlutfall sem eru atvinnurekendur eða sjálfstætt starfandi (3,1%). Lægra hlutfall er á eftirlaunum (1,3%), í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum (0,6%), á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri (0,4%) og í atvinnuleit (0,2%).

Tafla 4. *Staða á vinnumarkaði*

	Hlutfall	N
Í launuðu starfi	94,3%	450
Atvinnurekandi/sjálfstætt starfandi	3,1%	15
Á eftirlaunum	1,3%	6
Atvinnuleitandi	0,2%	1
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	0,4%	2
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	0,6%	3

Tafla 5 sýnir aðalstarfssvið svarenda. Hæst er hlutfall þeirra sem starfa við véla- og tækjaviðgerðir eða ríflega fjórðungur (25,5%). Næst hæst er hlutfall þeirra sem starfa við vélstjórn (18,6%) og því næst þeir sem starfa við verkstjórn (17,3%). Ögn lægra hlutfall starfar við málmsmíðar eða málmsuðu (16%) og þó nokkuð lægra hlutfall starfar við sölumennsku eða ráðgjöf (5,2%) og rennismíði (3,9%). 10,2% eru með annað starfssvið.

Tafla 5. *Aðalstarfssvið.*

	Hlutfall	N
Véla- og tækjaviðgerðir	25,5%	118
Málmsmíðar/málmsuða	16,0%	74
Rennismíði	3,9%	18
Vélstjórn – rekstur og keyrsla vélbúnaðar	18,6%	86
Stjórnun (verkstjórn)	17,3%	80
Sölumennska/ráðgjöf	5,2%	24
Annað	10,2%	47
Vil ekki svara	3,5%	16

3.2 Starfsemi fyrirtækis, mannaforráð og samsetning launa og kjarasamninga

Í töflu 6 má sjá hvernig vinnustaðir svarenda skiptast milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti svarenda starfar á almennum vinnumarkaði eða 81,2%. Tæplega fimmtungur svarenda starfar hins vegar hjá hinu opinbera (18%).

Tafla 6. Atvinnurekandi á almennum eða opinberum markaði.

	Hlutfall	N
Almenna vinnumarkaðnum	81,2%	379
Opinbera vinnumarkaðnum	18,0%	84
Vil ekki svara	0,9%	4

Í töflu 7 kemur fram hvers konar starfsemi fer fram á vinnustöðum svarenda. Niðurstöðurnar sýna að hæst hlutfall svarenda starfar á vinnustöðum þar sem aðalstarfsemin felst í véla- og tækjaviðgerðum (18,1%). 14,7% svarenda starfa á vinnustöðum þar sem megin starfsemin felst í stálsmíði og suðu og önnur 14,7% starfa í orkufyrirtæki eða vatnsveitu. Framleiðsla á vélbúnaði og tækjum fer fram á vinnustöðum 9,3% svarenda og 6,5% starfa við annars konar framleiðsluiðnað. Í fiskiðnaði starfa 5,6% og innan fyrirtækja sem stunda verslun og þjónustu starfa 5,4% svarenda. Lægra hlutfall svarenda starfar á vinnustöðu sem sinna annars konar starfsemi.

Tafla 7. Starfsemi á vinnustað.

	Hlutfall	N
Véla- og tækjaviðgerðir	18,1%	84
Stálsmíði og suða	14,7%	68
Rennismíði	3,2%	15
Blikksmíðja	1,1%	5
Þjónusta og viðgerðir á kælikerfum	4,5%	21
Netagerð/veiðafæratækni	2,4%	11
Orkufyrirtæki/vatnsveita	14,7%	68
Stóriðjufyrirtæki – t.d. álver/málblendiverksmiðja	3,7%	17
Framleiðsla á vélbúnaði og tækjum	9,3%	43
Fiskiðnaður	5,6%	26
Matvælaíðnaður (annar en fiskiðnaður)	3,2%	15
Annarskonar framleiðsluiðnaður	6,5%	30
Verktakastarfsemi	4,7%	22
Verslun og þjónusta	5,4%	25
Vil ekki svara	3,0%	14

Tafla 8 sýnir hvort svarendur eru með mannaforráð og eru niðurstöðurnar greindar eftir því hvort félagsmenn eru með 1-10 starfsmenn eða 11 eða fleiri. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda (67,5%) eru ekki með nein mannaforráð. Tæplega fjórðungur svarenda (23,1%) eru með 1-10 starfsmenn undir sinni stjórn og 6,6% eru með 11 eða fleiri starfsmenn.

Tafla 8. Mannaforráð.

	Hlutfall	N
Ekki með mannaforráð	67,5%	316
1-10 starfsmenn	23,1%	108
11 eða fleiri starfsmenn	6,6%	31
Vil ekki svara	2,8%	13

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir fengju greidd mánaðarleg heildarlaun (pakkalaun) eða grunnlaun (dagvinnulaun) auk yfirvinnugreiðslna. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 9. Meirihluti svarenda fær greidd grunnlaun auk yfirvinnu (64,8%) en tæplega þriðjungur (34,3%) er á pakkalaunum.

Tafla 9. Dagvinnulaun og yfirvinna eða pakkalaun.

	Hlutfall	N
Pakkalaun	34,3%	160
Dagvinnulaun auk yfirvinnu	64,8%	302
Vil ekki svara	0,9%	4

Tafla 10 sýnir undir hvaða kjarasamning störf félagsmanna falla. Flestir eða tæpur helmingur svarenda (48,1%) starfar eftir kjarasamningi við SA. Mun lægra hlutfall eru í störfum sem falla undir samning við orkufyrirtæki (12,6%) og eru með sérkjara- eða vinnustaðasamning (11,7%). Nokkuð lægra hlutfall er í störfum sem falla undir kjarasamninga við aðra aðila.

Tafla 10. Kjarasamningar.

	Hlutfall	N
Samning VM við SA	48,1%	202
Samning við orkufyrirtæki	12,6%	53
Samning við stóriðjufyrirtæki	2,4%	10
Samning við sveitarfélög	3,6%	15
Samning við ríkið	0,2%	1
Rammasamning VM	2,9%	12
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	11,7%	49
Annan samning	3,3%	14
Veit ekki	13,3%	56
Vil ekki svara	1,9%	8

Tafla 11 sýnir við hvaða kjarasamninga grunnréttindi þátttakenda miðast við með tilliti til menntunar þeirra. Niðurstöðurnar sýna flestir starfa samkvæmt kjarasamningi við SA en töluverður munur er eftir menntun. Þannig starfa 58,1% þeirra sem hafa lokið vélvirkjun eða vélsmíði út frá þeim samningi. Það á sömuleiðis við um 45,5% þeirra sem hafa lokið 1. eða 2. stigi vélstjórnar, 30,8% þeirra sem hafa lokið 3. eða 4. stigi vélstjórnar og 40,9% vélfræðinga. Rúmlega helmingur þeirra sem hafa lokið öðrum málmtækniámi (53,1%) og 80% þeirra sem

hafa lokið öðru námi starfa sömuleiðis út frá samning milli VM og SA. Ríflega fimmtungur þeirra sem hafa lokið 3. eða 4. stigi vélstjórnar (20,5%) miða grunnréttindi sín út frá samningi við orkufyrirtæki og það gera sömuleiðis 24,3% vélafræðinga. Þó nokkuð er um að þeir sem hafa lokið 1. eða 2. stigi vélstjórnar séu á sérkjara- eða vinnutaðasamningi en það á við um 27,3% þeirra. Það á sömuleiðis við um 12,8% þeirra sem hafa lokið 3. eða 4. stigi vélstjórnar, 11,3% vélfræðinga, 10,1% þeirra sem hafa lokið námi í vélvirkjun eða vélsníði og 11,1% þeirra sem hafa lokið öðru málmtækni námi.

Tafla 11. *Kjarasamningar eftir menntun.*

	1. og 2. stig vélstjórnar	3. og 4. stig vélstjórnar	Vélfraeðingur	Vélvirkjun/ vélsníði	Annað málmtækninám	Annað nám
Samning VM við SA	45,5%	30,8%	40,9%	58,1%	53,1%	80,0%
Samning við orkufyrirtæki	0%	20,5%	24,3%	7,8%	7,4%	0%
Samning við stóriðjufyrirtæki	0%	2,6%	2,6%	3,1%	2,5%	0%
Samning við sveitarfélög	3,0%	7,7%	5,2%	2,3%	1,2%	0%
Samning við ríkið	0%	0%	0,9%	0%	0%	0%
Rammasamning VM	3,0%	2,6%	1,7%	2,3%	2,5%	0%
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	27,3%	12,8%	11,3%	10,1%	11,1%	0%
Annan samning	3,0%	12,8%	4,3%	0,8%	2,5%	0%
Veit ekki	18,2%	7,7%	8,7%	11,6%	18,5%	20,0%
Vil ekki svara	0%	2,6%	0%	3,9%	1,2%	0%

Tafla 12 sýnir við hvaða kjarasamninga grunnréttindi þátttakenda miðast með tilliti til starfsviðs þeirra. Niðurstöðurnar sýna að grunnréttindi flestra miðast við samning við SA þó svo að töluverður munur sé á hlutfallinu eftir því hvert starfsvið félagsmanna er. Þannig eru 61% þeirra sem starfa við véla- og tækjaviðgerðir á SA samningi. Það gera sömuleiðis 59,1% þeirra sem starfa við sölumennsku eða ráðgjöf, 58,5% þeirra sem starfa við málmsmíðar, málmstuðu eða rennismíði, 40,8% verkstjóra, 32,5% þeirra sem starfa við vélstjórn og 34,9% þeirra sem starfa við önnur störf.

Þrír af hverjum tíu sem starfa við vélastjórn (29,9%) starfa samkvæmt kjarasamningi við orkufyrirtæki og það gera sömuleiðis 11,8% þeirra sem starfa við verkstjórn og 16,3% þeirra sem starfa við önnur störf. Hæst eru hlutfallið meðal vélstjóra sem eru á kjarasamningi við sveitarfélög (10,4%). Sérkjara- eða vinnustaðasamningar eru hins vegar algengastir meðal þeirra sem starfa við verkstjórn (18,4%), önnur starfssvið (16,3%) og þeirra sem starfa við véla- og tækjaviðgerðir (12%).

Tafla 12. *Kjarasamningur eftir starfssviði.*

	Véla- og tækjaviðgerðir	Málmsmíðar/málmsuða og rennismíði	Vélstjórn	Stjórnun (verkstjórn)	Sölumennska/ ráðgjöf	Annað starfssvið
Samning VM við SA	61,0%	58,5%	32,5%	40,8%	59,1%	34,9%
Samning við orkufyrirtæki	4,0%	6,1%	29,9%	11,8%	4,5%	16,3%
Samning við stóriðjufyrirtæki	5,0%	1,2%	1,3%	1,3%	0%	2,3%
Samning við sveitarfélög	2,0%	0%	10,4%	5,3%	0%	2,3%
Samning við ríkið	0%	0%	0%	1,3%	0%	0%
Rammasamning VM	1,0%	2,4%	2,6%	3,9%	9,1%	2,3%
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	12,0%	9,8%	6,5%	18,4%	9,1%	16,3%
Annan samning	1,0%	0%	3,9%	1,3%	9,1%	16,3%
Veit ekki	10,0%	19,5%	13,0%	14,5%	9,1%	9,3%
Vil ekki svara	4,0%	2,4%	0%	1,3%	0%	0%

3.3 Starfshlutfall og vinnutími

Tafla 13 sýnir vinnufyrirkomulag svarenda. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti svarenda vinnur dagvinnu (87,9%) en 11,4% vinna vaktavinnu.

Tafla 13. *Dagvinna eða vaktavinna.*

	Hlutfall	N
Dagvinna	87,9%	408
Vaktavinna	11,4%	53
Vil ekki svara	0,6%	3

Í töflu 14 gefur að líta starfshlutfall svarenda í september 2023. Niðurstöðurnar sýna að yfirgnæfandi meirihluti svarenda eru í fullu starfi (95,9%) og mun lægra hlutfall eru í skertu starfshlutfalli. Mjög svipað hlutfall svarenda er í 75%-99% starfshlutfalli (1,1%), 50%-74% starfshlutfalli (1,5%) og 1%-49% starfshlutfalli (1,3%).

Tafla 14. *Hvert var starfshlutfall þitt í september 2023?*

	Hlutfall	N
100%	95,9%	448
75% – 99%	1,1%	5
50% – 74%	1,5%	7
1% – 49%	1,3%	6
Vil ekki svara	0,2%	1

3.3.1 Starfshlutfall og vinnutími félagsmanna á pakkalaunum

Tafla 15 sýnir unnar klukkustundir á viku í september 2023 meðal félagsmanna sem fá greidd pakkalaun. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega flestir svarendur unnu 36–40 klukkustundir á viku þann mánuðinn eða 42,8%. Næst hæst var hlutfall þeirra sem vann 41–45 klukkustundir á viku (30,2%). Einn af hverjum tíu svarendum vann 46–50 klukkustundir á viku (10,1%) og lægra hlutfall vann 51–55 klukkustundir (3,1%), 56–60 klukkustundir (3,1%) og 60 klukkustundir eða fleiri (3,1%). Einungis 3,8% svarenda unnu 35 klukkustundir eða minna á viku.

Tafla 15. Vinnustundir á viku í september. Pakkalaun.

	Hlutfall	N
35 klukkustundir eða færri á viku	3,8%	6
36 – 40 klukkustundir á viku	42,8%	68
41 – 45 klukkustundir á viku	30,2%	48
46 – 50 klukkustundir á viku	10,1%	16
51 – 55 klukkustundir á viku	3,1%	5
56 – 60 klukkustundir á viku	3,1%	5
60 klukkustundir eða fleiri á viku	3,1%	5
Vil ekki svara	3,8%	6

Tafla 16 sýnir unnar klukkustundir á viku í september 2023 meðal félagsmanna sem fá greidd pakkalaun, greint eftir nokkrum bakgrunspáttum. Ef litið er til aldurs má sjá að hlutfallslega flestir í aldurshópnum 30 ára og yngri unnu 41-45 klukkustundir á viku eða 80%, en fimmtungur þeirra vann 36-40 klukkustundir. Algengast er í öllum öðrum aldurshópum að unnar hafi verið 36-40 klukkustundir á viku en það á við um 42,9% þeirra sem eru 31-40 ára, 46,7% þeirra sem eru 41-50 ára, 40% þeirra sem eru 51-60 ára og 53,3% þeirra sem eru 61 árs og eldri. Næst algengast var að fólk hafi unnið 41-50 klukkustundir en það á við um hátt í þriðjung svarenda í öllum aldurshópum að undanskildum þeim í aldurshópnum 30 ára og yngri.

Nokkur munur er einnig á fjölda unninna klukkustunda eftir búsetu. Þannig vann um helmingur þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu 36-40 klukkustundir á viku (50,5%) en 34,5% þeirra sem búa á landsbyggðum gerðu slíkt hið sama. Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri sem búa á landsbyggðum en þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu, sem unnu 41-45 klukkustundir (34,5% á móti 29%), 46-50 klukkustundir (15,5% á móti 7,5%), 51-55 klukkustundir (6,9% á móti 1,1%) og 65-60 klukkustundir (5,2% á móti 2,2%). Svipað hlutfall vann 60 klukkustundir eða fleiri (3,4% á móti 3,2%).

Þegar litið er til unninna klukkustunda eftir hvort starfað sé á almenna eða opinbera vinnumarkaðnum sést að ríflega helmingur þeirra sem starfa hjá hinu opinbera vann 36-40 klukkustundir á viku (55,6%) en það á við um 40,9% þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaðir. Algengara er meðal þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði að hafa unnið 41-45 klukkustundir (33% á móti 25%) og 46-50 klukkustundir (13% á móti 2,8%). Hins vegar er hærra hlutfall þeirra sem starfa hjá hinu opinbera sem unnu 56 klukkustundir eða fleiri (11,2% á móti 5,2%).

Nokkurn mun má einnig finna á unnum klukkustundum eftir því hvort svarendur eru með mannaforráð og hversu margt starfsfólk starfar undir þeirra stjórn. Þannig var ríflega fjórðungur þeirra sem hafa umsjón með 11 starfsmönnum eða fleirum sem vann 51 klukkustund

eða fleiri á viku (28,6%) á móti 6,3% þeirra sem hafa 1-10 starfsmenn á sínum snærum og 7,3% þeirra sem hafa engin mannaforráð.

Tafla 16. Vinnustundir á viku í september eftir aldri, búsetu, starfsvettvangi og mannaforráðum. Pakkalaun.

	35 stundir eða færri	36-40 stundir	41-45 stundir	46-50 stundir	51-55 stundir	56-60 stundir	60 stundir eða fleiri
<i>Aldur</i>							
30 ára og yngri	0%	20,0%	80,0%	0%	0%	0%	0%
31-40 ára	0%	42,9%	31,4%	14,3%	8,6%	0%	2,9%
41 – 50 ára	6,7%	46,7%	33,3%	6,7%	3,3%	3,3%	0%
51 – 60 ára	4,4%	40,0%	31,1%	15,6%	2,2%	2,2%	4,4%
61 árs eða eldri	0%	53,3%	30,0%	6,7%	0%	6,7%	3,3%
<i>Búseta</i>							
Á höfuðborgarsvæðinu	6,5%	50,5%	29,0%	7,5%	1,1%	2,2%	3,2%
Á landsbyggðunum	0%	34,5%	34,5%	15,5%	6,9%	5,2%	3,4%
<i>Almenni og opinberi markaðurinn</i>							
Almenni markaðurinn	4,3%	40,9%	33,0%	13,0%	3,5%	2,6%	2,6%
Opinberi markaðurinn	2,8%	55,6%	25,0%	2,8%	2,8%	5,6%	5,6%
<i>Mannaforráð</i>							
Engin mannaforráð	4,9%	50,6%	29,6%	7,4%	1,2%	1,2%	4,9%
1-10 starfsmenn	0%	40,4%	34,0%	19,1%	2,1%	2,1%	2,1%
11 eða fleiri starfsmenn	9,5%	28,6%	28,6%	4,8%	14,3%	14,3%	0%

Tafla 17 sýnir bakvaktarstundir í september 2023 meðal þeirra sem fá pakkalaun. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti er ekki á bakvöktum eða 77,6%. Hins vegar af þeim sem voru á bakvöktum voru hlutfallslega flestir 21 klukkustund eða fleiri á bakvakt (9,6%). Lægra hlutfall var 1–5 klukkustundir (5,1%), 6–10 klukkustundir (2,6%), 11–15 klukkustundir (1,3%) og 16–20 klukkustundir (0,6%).

Tafla 17. Bakvaktarstundir í september 2023. Pakkalaun.

	Hlutfall	N
Vann engar bakvaktir	77,6%	121
1 – 5 klukkustundir	5,1%	8
6 – 10 klukkustundir	2,6%	4
11 – 15 klukkustundir	1,3%	2
16 – 20 klukkustundir	0,6%	1
21 klukkustund eða fleiri	9,6%	15
Vil ekki svara	3,2%	5

Í töflu 18 gefur að líta þau starfstengdu hlunnindi sem svarendur á pakkalaunum fá, en hægt var að merkja við öll þau hlunnindi talin eru upp í töflunni. Niðurstöðurnar sýna að algengast er að félagsmenn VM hafi til umráða farsíma frá atvinnurekanda en það á við um 61,3%. Sömuleiðis fær ríflega helmingur svarenda símakostnað (52,5%). 42,5% félagsmanna

fá til umráða tölvu og ríflega þriðjungur styrk vegna líkamsræktar (34,4%). Tæplega fjórðungur fær internettengingu heima (24,4%) og fimmtungur svarenda fær fæðishlunnindi (20,6%). Sömuleiðis fær tæplega fimmtungur fastan bílastyrk (18,8%) og 16,3% fá dagpeninga. 13,8% svarenda fá verkfæri og sama hlutfall fær samgöngustyrk. Einnig fá 11,9% svarenda bónusgreiðslur og 10,6% hafa fengið fræðslustyrk. Lægra hlutfall er með önnur hlunnindi.

Tafla 18. *Hlunnindi.*

	Hlutfall	N
Dagpeninga	16,3%	26
Bónusgreiðslur	11,9%	19
Fatapeninga	3,8%	6
Fæðishlunnindi	20,6%	33
Fastan bílastyrk	18,8%	30
Aksturgreiðslur fyrir ekna kílómetra	4,4%	7
Verkfæri	13,8%	22
Greiddan símakostnað	52,5%	84
Farsíma	61,3%	98
Styrk vegna líkamsræktar	34,4%	55
Tölvu	42,5%	68
Viðbótarfrí	6,3%	10
Internettengingu heima	24,4%	39
Fræðslustyrk	10,6%	17
Samgöngustyrk	13,8%	22
Áskrift af fjölmiðlum	1,9%	3
Tryggingahlunnindi	1,9%	3
Vil ekki svara	4,4%	7

3.3.2 Starfshlutfall og vinnutími félagsmanna á dagvinnulaunum

Tafla 19 sýnir unnar klukkustundir á viku í september 2023 meðal félagsmanna sem fá greidd dagvinnulaun auk yfivinnugreiðslna. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega flestir svarendur unnu 36 klukkustundir á viku þann mánuðinn eða ríflega þriðjungur (33,9%). Næst hæst var hlutfall þeirra sem vann 40 klukkustundir (31,2%). Ríflega einn af hverjum tíu svarendum vann 37 klukkustundir á viku (11,7%) og lægra hlutfall vann 38 klukkustundir (6%) og 39 klukkustundir (8,1%). Einungis 3,4% svarenda unnu 35 klukkustundir eða færri á viku.

Tafla 19. *Fjöldi dagvinnustunda í september.*

	Hlutfall	N
35 klukkustundir eða færri	3,4%	10
36 klukkustundir	33,9%	101
37 klukkustundir	11,7%	35
38 klukkustundir	6,0%	18
39 klukkustundir	8,1%	24
40 klukkustundir	31,2%	93
Veit ekki	5,0%	15
Vil ekki svara	0,7%	2

Tafla 20 sýnir unnar yfirvinnustundir félagsmanna sem greidd fengu dagvinnulaun auk yfirvinnugreiðslna í september 2023. Af niðurtöðunum má sjá að mikill meirihluti svarenda vann einhverja yfirvinnu þann mánuðinn eða 86%. Þar af voru hlutfallslega flestir sem unnu 21 klukkustund eða fleiri (36%). Ríflega einn af hverjum tíu vann 16–20 klukkustundir (10,7%), 13% svarenda vann 11–15 klukkustundir, 12,3% unnu 6–10 klukkustundir og 14% unnu 1–5 klukkustundir. Ríflega einn af hverjum tíu vann enga yfirvinnu í september (12%).

Tafla 20. *Fjöldi yfirvinnustunda í september.*

	Hlutfall	N
Enga	12,0%	36
1 – 5 klukkustundir	14,0%	42
6 – 10 klukkustundir	12,3%	37
11 – 15 klukkustundir	13,0%	39
16 – 20 klukkustundir	10,7%	32
21 klukkustundir eða fleiri	36,0%	108
Vil ekki svara	2,0%	6

Tafla 21 sýnir unnar yfirvinnustundir félagsmanna sem greidd fengu dagvinnulaun auk yfirvinnugreiðslna í september 2023, greint eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Ef litið er til aldurs má sjá að í öllum aldurshópum nema 61 árs og eldri var algengast að unnar hefðu verið 21 yfirvinnustund eða fleiri á viku. Þó er hlutfallið lang hæst í aldurshópnum 30 ára og yngri (63,8%). Þriðjungur þeirra sem eru á aldrinum 31-40 ára unnu 21 yfirvinnustund eða meira (33,3%), 43,1% þeirra sem eru 41-50 ára og fjórðungur á aldrinum 51-60 ára (25,4%). Algengast var meðal tveggja elstu aldurshópanna að vinna enga yfirvinnu. Á það við um 22% 51-60 ára og 26,2% 61 árs og eldri.

Nokkur munur er einnig á fjölda unninna yfirvinnustunda eftir búsetu. Þannig unnu 16,2% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og 5,7% þeirra sem búa á landsbyggðum enga yfirvinnu í september. Eins voru 18,9% þeirra á höfuðborgarsvæðinu og 6,6% þeirra á landsbyggðum sem unnu 1-5 yfirvinnustundir á viku. Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri

sem búa á landsbyggðum sem unnu 6-10 klukkustundir (15,5% á móti 11,4%), 11-15 klukkustundir (17% á móti 10,8%), 16-20 klukkustundir (14,2% á móti 9,2%) og 21 klukkustund eða meira (41,5% á móti 33,5%)

Pegar litið er til yfirvinnustunda eftir almenna og opinbera markaðnum má sjá að hærra hlutfall þeirra sem vinna á almennum vinnumarkaði unnu enga yfirvinnu (12,5% á móti 9,1%) og 1-5 yfirvinnustundir (15,3% á móti 6,8%). Mjög svipað hlutfall vann 6-15 klukkustundir á viku en hærra hlutfall þeirra sem starfa hjá hinu opinbera unnu 16 eða fleiri yfirvinnustundir á viku (56,8% á móti 46,4%).

Nokkurn mun má einnig finna á yfirvinnustundum eftir því hversu margt starfsfólk svarendur hafa umsjón með. Þannig voru 62,5% þeirra sem hafa umsjón með 11 starfsmönnum eða fleirum sem unnu 21 yfirvinnustund eða fleiri á viku á móti 35,5% þeirra sem hafa 1-10 starfsmenn á sínum snærum og 35,7% þeirra sem hafa engin mannaforráð.

Tafla 21. Yfirvinnustundir í september eftir aldri, búsetu, starfsvettvangi og mannaforráðum.

	Enga yfirvinnu	1-5 stundir	6-10 stundir	11-15 stundir	16-20 stundir	21 stund eða fleiri
<i>Aldur</i>						
30 ára og yngri	2,1%	6,4%	14,9%	10,6%	2,1%	63,8%
31-40 ára	7,0%	17,5%	10,5%	12,3%	19,3%	33,3%
41 – 50 ára	6,9%	9,7%	12,5%	13,9%	13,9%	43,1%
51 – 60 ára	22,0%	18,6%	8,5%	16,9%	8,5%	25,4%
61 árs eða eldri	26,2%	19,0%	21,4%	7,1%	4,8%	21,4%
<i>Búseta</i>						
Á höfuðborgarsvæðinu	16,2%	18,9%	11,4%	10,8%	9,2%	33,5%
Á landsbyggðunum	5,7%	6,6%	15,1%	17,0%	14,2%	41,5%
<i>Almenni og opinberi markaðurinn</i>						
Almenni markaðurinn	12,5%	15,3%	12,5%	13,3%	10,5%	35,9%
Opinberi markaðurinn	9,1%	6,8%	13,6%	13,6%	13,6%	43,2%
<i>Mannaforráð</i>						
Engin mannaforráð	13,6%	16,3%	12,7%	11,8%	10,0%	35,7%
1-10 starfsmenn	8,9%	8,9%	14,3%	14,3%	16,1%	37,5%
11 eða fleiri starfsmenn	0%	0%	12,5%	25,0%	0%	62,5%

Þátttakendur á dagvinnulaunum voru spurðir hvort þeir væru á bakvöktum og eru niðurstöðurnar sýndar í töflu 22. Af töflunni má sjá að mikill meirihluti er ekki á bakvöktum eða 72,7%. Af þeim sem fá greitt fyrir bakvaktir eru 18,2% sem fá greitt fyrir staðnar bakvaktir og 8,8% sem fá greiddar fastar bakvaktageiðslur.

Tafla 22. *Bakvaktir.*

	Hlutfall	<i>N</i>
Já, ég fæ greiddar fastar bakvaktagreiðslur fyrir hvern mánuð	8,8%	26
Já, ég fæ greiddar staðnar bakvaktir	18,2%	54
Nei	72,7%	216
Vil ekki svara	0,3%	1

Tafla 23 sýnir fjölda bakvaktarstunda sem þeir sem standa bakvaktir unnu í september. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega flestir voru 21 klukkustund eða fleiri á bakvakt (68,8%). Lægra hlutfall vann 1–5 (11,3%), 6–10 (3,8%), 11–15 (5%) og 16–20 klukkustundir (5%) á bakvakt.

Tafla 23. *Fjöldi bakvaktarstunda í september.*

	Hlutfall	<i>N</i>
1 – 5 klukkustundir	11,3%	9
6 – 10 klukkustundir	3,8%	3
11 – 15 klukkustundir	5,0%	4
16 – 20 klukkustundir	5,0%	4
21 klukkustundir eða fleiri	68,8%	55
Vil ekki svara	6,3%	5

Í töflu 24 má sjá þau starfstengdu hlunnindi sem svarendur á dagvinnulaunum fá, en hægt var að merkja við öll þau hlunnindi sem fram koma í töflunni. Niðurstöðurnar sýna að algengast er að félagsmenn hafi til umráða farsíma frá atvinnurekanda en það á við um ríflega þriðjung (36,4%). Sömuleiðis fær 30,1% svarenda greiddan símakostnað. 21,9% fá styrk vegna líkamsræktar og sömuleiðis fá 21,2% fæðishlunnindi. Ögn lægra hlutfall svarenda fá til umráða tölvu (18,2%). Sömuleiðis fá 15,6% svarenda verkfæri, 12,3% fá fastan bílastyrk og 11,3% fá dagpeninga. Bónusgreiðslur fá 9,3% svarenda og samgöngustyrk 8,9%. Lægra hlutfall er með önnur hlunnindi.

Tafla 24. *Hlunnindi.*

	Hlutfall	N
Dagpeninga	11,3%	34
Bónusgreiðslur	9,3%	28
Fatapeninga	7,9%	24
Fæðishlunnindi	21,2%	64
Fastan bílastyrk	12,3%	37
Aksturgreiðslur fyrir ekna kílómetra	4,3%	13
Verkfæri	15,6%	47
Greiddan símakostnað	30,1%	91
Farsíma	36,4%	110
Styrk vegna líkamsræktar	21,9%	66
Tölvu	18,2%	55
Viðbótarfrí	4,6%	14
Internettengingu heima	6,3%	19
Fræðslustyrk	7,9%	24
Samgöngustyrk	8,9%	27
Áskrift af fjölmiðlum	0,7%	2
Tryggingahlunnindi	2,0%	6
Vil ekki svara	6,0%	18

3.4 Stytting vinnuvikunnar

Pátttakendur voru spurðir hvort búið væri að semja um styttingu vinnuvikunnar á þeirra vinnustað og eru niðurstöðurnar birta í töflu 25. Af töflunni má sjá að hjá meirihluta svarenda hefur verið samið um styttingu (63,4%). Á vinnustöðum 18,6% svarenda hafa enn engar viðræður farið fram en á vinnustöðum vegna styttingar vinnuvikunnar. 5,4% svarenda hefur enn ekki verið samið um styttingu en viðræðum hafa þó farið fram. 11,8% svarenda svöruðu því til að þeir vissu ekki hvort slíkar umræðum hefðu farið fram á þeirra vinnustað.

Tafla 25. *Samið um styttingu vinnuvikunnar á vinnustað.*

	Hlutfall	N
Já	63,4%	296
Nei, en viðræður hafa farið fram	5,4%	25
Nei, engar viðræður hafa farið fram	18,6%	87
Veit ekki	11,8%	55
Vil ekki svara	0,9%	4

Pátttakendur voru beðnir um að svara því hve skilgreindir dagvinnutímar á viku væru margir fyrir fullt starf á þeirra vinnustað og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 26. Hæst er hlutfall þeirra sem segja skilgreinda dagvinnutíma í fullu starfi vera 36 klukkustundir, eða ríflega þriðjungur (34,3%). Næst hæst er hlutfall þeirra sem segja fullt starf á þeirra vinnustað vera 40 klukkustundir (27,4%). Hins vegar eru 12,6% sem segja skilgreinda dagvinnutíma í fullu starfi vera 37 klukkustundir, 7,3% segja þá vera 38 klukkustundir og 7,5% segja þá vera 39

klukkustundir. Tæplega einn af hverjum tíu (9,9%) eru ekki vissir hvernig fullt starf er skilgreint á þeirra vinnustað.

Tafla 26. Skilgreindir dagvinnustunda á vinnustað.

	Hlutfall	N
36 klukkustundir	34,3%	160
37 klukkustundir	12,6%	59
38 klukkustundir	7,3%	34
39 klukkustundir	7,5%	35
40 klukkustundir	27,4%	128
Veit ekki	9,9%	46
Vil ekki svara	1,1%	5

Í töflu 27 má sjá greiningu á því hvort samið hafi verið um styttingu vinnuvikunnar á þeirra vinnustað eftir launasamsetningu, vinnufyrirkomulagi, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum. Þegar litið er til launasamsetningar svarenda má sjá að þó nokkuð algengara er að samið hafi verið um styttinguna á vinnustöðum þeirra sem eru með grunnlaun auk yfirvinnu (68,2%) en þeirra sem eru með pakkalaun (56,3%). Fjórðungur þeirra sem eru á pakkalaunum (25%) segja að engar viðræðum um styttinguna hafi farið fram á þeirra vinnustað.

Ef litið er til vinnufyrirkomulags má sjá að algengara er að samið hafi verið um styttinguna á vinnustöðum þeirra sem vinna dagvinnu (65,4%) heldur en þeirra sem vinna vaktavinnu (54,7%). Ríflega fimmtungur þeirra sem vinna vaktavinnu (22,6%) nefna að engar viðræður hafi farið fram en það gera sömuleiðis 17,9% þeirra sem vinna dagvinnu.

Þegar skoðað er hvort að viðræðum um styttinguna hafi farið fram eftir starfsemi fyrirtækis má sjá nokkuð breytilegt mynstur. Þannig eru allir þeir sem starfa í blikksmiðjum (100%) sem nefna að þegar hafi verið samið um styttinguna. Sömuleiðis eru 94,1% þeirra sem starfa í stóriðjufyrirtækjum, 89,6% þeirra sem starfa í orkufyrirtækjum eða vatnsveitum og 79,1% þeirra sem starfa við framleiðslu á vélbúnaði og tækju sem segja að samið hafi verið á þeirra vinnustöðum. Lægra hlutfall þeirra sem starfa við verslun og þjónustu (64%), verktakastarfsemi (63,6%), stálsmiði og suðu (63,2%), þjónustu og viðgerðir á kælikerfum (61,9%), véla- og tækjaviðgerðir (57,1%), matvælaiðnað (53,3%) og netagerð (45,5%) nefna að samið hafi verið um styttinguna. Eingöngu 23,1% þeirra sem starfa í fiskiðnað og 20% þeirra sem starfa við rennismíði eru á vinnustöðum þar sem samið hefur verið um styttingu vinnuvikunnar. Á hinn bóginn eru 57,7% þeirra sem starfa í fiskiðnaði á vinnustöðum þar sem engar viðræður hafi farið fram og það sama segja 36,4% þeirra sem starfa við netagerð, 33,3% í matvælaiðnaði og við rennismíði, 27,3% þeirra sem starfa við verktakastarfsemi og 20% sem starfa við verslun og þjónustu.

Þegar litið er til þeirra kjarasamninga sem eiga við um störf svarenda sést að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem starfa samkvæmt samningum við sveitarfélög (93,3%), orkufyrirtæki (90,6%) og stóriðjufyrirtæki (90%) eru með styttingu vinnuvikunnar. Af þeim sem eru með kjör samkvæmt samningi við SA eru 61,9% með styttingu vinnuvikunnar og sömuleiðis 61,2% þeirra sem eru á sérkjara- eða vinnustaðasamningi og 41,7% þeirra sem starfa samkvæmt rammasamningi VM. Á hinn bóginn eru 33% þeirra sem starfa samkvæmt rammasamningi VM sem nefna að engar viðræður hafi farið fram um styttinguna á þeirra vinnustað og það sama má segja um 30,6% þeirra sem starfa samkvæmt sérkjara- eða vinnustaðasamningi.

Tafla 27. Stytting vinnuvikunnar eftir launasamsetningu, vinnufyrirkomulagi, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum.

	Já	Nei, en viðræður hafa farið fram	Nei, engar viðræður hafa farið fram	Veit ekki	Vil ekki svara
<i>Launasamsetning</i>					
Pakkalaun	56,3%	6,9%	25,0%	11,9%	0%
Grunnlaun auk yfirvinnu	68,2%	4,3%	14,6%	11,9%	1,0%
<i>Vinnufyrirkomulag</i>					
Dagvinna	65,4%	4,9%	17,9%	10,8%	1,0%
Vaktavinna	54,7%	3,8%	22,6%	18,9%	0%
<i>Aðalstarfsemi fyrirtækis</i>					
Véla- og tækjaviðgerðir	57,1%	13,1%	14,3%	14,3%	1,2%
Stálsmíði og suða	63,2%	1,5%	19,1%	16,2%	0%
Rennismíði	20,0%	0%	33,3%	40,0%	6,7%
Blikksmiðja	100%	0%	0%	0%	0%
Þjónusta og viðgerðir á kælikerfum	61,9%	9,5%	19,0%	9,5%	0%
Netagerð/ veiðafæratækni	45,5%	0%	36,4%	18,2%	0%
Orkufyrirtæki/vatnsveita	89,6%	0%	4,5%	6,0%	0%
Stóriðjufyrirtæki	94,1%	0%	0%	5,9%	0%
Framleiðsla á vélbúnaði og tækjum	79,1%	4,7%	2,3%	14,0%	0%
Fiskiðnaður	23,1%	7,7%	57,7%	7,7%	3,8%
Matvælaiðnaður	53,3%	0%	33,3%	13,3%	0%
Annarskonar framleiðsluiðnaður	60,0%	10,0%	23,3%	6,7%	0%
Verktakastarfsemi	63,6%	9,1%	27,3%	0%	0%
Verslun og þjónusta	64,0%	8,0%	20,0%	8,0%	0%
<i>Kjarasamningar</i>					
Samning VM við SA	61,9%	7,9%	15,3%	13,9%	1,0%
Samning við orkufyrirtæki	90,6%	0%	1,9%	7,5%	0%
Samning við stóriðjufyrirtæki	90,0%	0%	10,0%	0%	0%
Samning við sveitarfélög	93,3%	0%	0%	6,7%	0%
Samning við ríkið	0%	0%	0%	100%	0%
Rammasamning VM	41,7%	8,3%	33,3%	16,7%	0%
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	61,2%	2,0%	30,6%	6,1%	0%
Annar samning	64,3%	7,1%	7,1%	14,3%	7,1%

Í töflu 28 má sjá hve margir dagvinnutímar fela í sér fullt starf á vinnustöðum svarenda með tilliti til launasamsetningar þeirra, vinnufyrirkomulags, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum. Þegar litið er til launasamsetningar má sjá að þó nokkuð algengara er að full vinna á vinnustöðu þeirra sem eru á dagvinnulaunum sé 36 klukkustundir (40,7%) en þeirra sem eru á pakkalaunum (23,1%). Á hinn bóginn er algengast meðal þeirra sem fá pakkalaun að full vinna sé skilgreind sem 40 klukkustundir (35%).

Ef litið er til vinnufyrirkomulags má sjá að mjög svipað hlutfall þeirra sem eru í dagvinnu (34,6%) og þeirra sem eru í vaktavinnu (34%) nefna að full vinna á þeirra vinnustað sé 36 klukkustundir á viku. Að sama skapi eru mjög svipað hlutfall þeirra sem vinna dagvinnu (27%) og þeirra sem vinna vaktavinnu (28,3%) sem nefna að full vinna á þeirra vinnustað feli í sér 40 klukkustundir á viku.

Þegar fjöldi dagvinnustunda í fullu starfi eru greindir eftir aðalstarfsemi fyrirtækis kemur í ljós nokkuð breytilegt mynstur. Þannig eru 69,8% þeirra sem starfa við framleiðslu á vélbúnaði og tækjum með 36 stunda vinnuviku. Það sama segja 60% þeirra sem starfa í blikksmiðjum, 49,3% í orkufyrirtækjum og 42,6% þeirra sem starfa við stálsmíði og suðu. Á hinn bóginn eru 54,5% þeirra sem starfa við verktakastarfsemi sem eru með 40 stunda vinnuviku. Það sama á við um 50% þeirra sem eru í fiskiðnaði, 46,7% í rennismíði og 45,5% sem eru í netagerð.

Þegar litið er til þeirra kjarasamninga sem svarendur miða grunnréttindi sín við má sjá að 60% þeirra sem starfa samkvæmt samningi við sveitarfélög eru með 36 klukkustunda vinnuviku og það sama gerir helmingur þeirra sem starfa samkvæmt samningi við orkufyrirtæki (50,9%) og stóriðjufyrirtæki (50%). Af þeim sem starfa samkvæmt samningi VM við SA nefna 31,2% að fullt starf á þeirra vinnustað feli í sér 36 klukkustunda vinnuviku en önnur 31,7% 40 klukkustunda vinnuviku. Af þeim svarendum sem starfa samkvæmt rammisamningi VM eru 66,7% sem nefna að fullt starf feli í sér 40 klukkustunda vinnuviku en það gera einnig 36,7% þeirra sem starfa samkvæmt sérkjara eða vinnustaðasamningi.

Tafla 28. Fjöldi dagvinnustunda í fullu starfi eftir launasamsetningu, vinnufyrirkomulagi, aðalstarfsemi fyrirtækis og kjarasamningum.

	36 stundir	37 stundir	38 stundir	39 stundir	40 stundir	Veit ekki	Vil ekki svara
<i>Launasamsetning</i>							
Pakkalaun	23,1%	10,6%	10,0%	7,5%	35,0%	13,1%	0,6%
Grunnlaun auk yfirvinnu	40,7%	13,6%	6,0%	7,3%	23,8%	7,3%	1,3%
<i>Vinnufyrirkomulag</i>							
Dagvinna	34,6%	13,5%	7,6%	7,9%	27,0%	8,6%	0,7%
Vaktavinna	34,0%	7,5%	3,8%	5,7%	28,3%	17,0%	3,8%
<i>Aðalstarfsemi fyrirtækis</i>							
Véla- og tækjaviðgerðir	27,4%	8,3%	8,3%	9,5%	29,8%	14,3%	2,4%
Stálsmiði og suða	42,6%	20,6%	2,9%	5,9%	20,6%	7,4%	0%
Rennismíði	26,7%	0%	0%	13,3%	46,7%	6,7%	6,7%
Blikksmiðja	60,0%	20,0%	20,0%	0%	0%	0%	0%
Þjónusta og viðgerðir á kælikerfum	38,1%	9,5%	0%	4,8%	42,9%	4,8%	0%
Netagerð/veiðafæratækni	0%	9,1%	27,3%	0%	45,5%	18,2%	0%
Orkufyrirtæki/vatnsveita	49,3%	14,9%	7,5%	10,4%	4,5%	11,9%	1,5%
Stóriðjufyrirtæki	35,3%	17,6%	23,5%	5,9%	17,6%	0%	0%
Framleiðsla á vélbúnaði og tækjum	69,8%	14,0%	0%	0%	14,0%	2,3%	0%
Fiskiðnaður	11,5%	7,7%	3,8%	7,7%	50,0%	19,2%	0%
Matvælaiðnaður	20,0%	13,3%	6,7%	0%	33,3%	20,0%	6,7%
Annarskonar framleiðsluiðnaður	23,3%	20,0%	10,0%	10,0%	33,3%	3,3%	0%
Verktakastarfsemi	18,2%	9,1%	9,1%	4,5%	54,5%	4,5%	0%
Verslun og þjónusta	8,0%	12,0%	12,0%	24,0%	36,0%	8,0%	0%
<i>Kjarasamningar</i>							
Samning VM við SA	31,2%	13,9%	8,4%	6,9%	31,7%	6,4%	1,5%
Samning við orkufyrirtæki	50,9%	15,1%	11,3%	11,3%	1,9%	9,4%	0%
Samning við stóriðjufyrirtæki	50,0%	20,0%	10,0%	10,0%	10,0%	0%	0%
Samning við sveitarfélög	60,0%	6,7%	0%	0%	26,7%	6,7%	0%
Samning við ríkið	0%	0%	0%	0%	0%	100%	0%
Rammasamning VM	16,7%	8,3%	8,3%	0%	66,7%	0%	0%
Sérkjara- eða vinnustaðasamning	28,6%	12,2%	6,1%	6,1%	36,7%	10,2%	0%
Annar samning	21,4%	14,3%	7,1%	14,3%	7,1%	35,7%	0%

3.5 Þjónusta félagsins

Félagsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu á undanförunum 12 mánuðum nýtt sér einhverja þá þjónustu sem VM býður upp á og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 29. Hlutfallslega flestir sem svöruðu könnuninni höfðu ekki nýtt sér neina þá þjónustu (31,9%). Sú þjónusta sem svarendur nýttu í mestum mæli var orlofshúsaáðstaða (30,4%) og því næst sjúkrasjóður (29,6%). Ríflega einn af hverjum tíu höfðu nýtt sér fræðslusjóð (11,4%), 4,8% höfðu fengið aðstoð vegna launamála og 3,9% höfðu fengið upplýsingar um réttindi.

Tafla 29. *Hvaða þjónusta VM nýtt á síðastliðnum 12 mánuðum.*

	Hlutfall	N
Já, orlofshús/orlofssjóð	30,4%	147
Já, sjúkrasjóð	29,6%	143
Já, fræðslusjóð	11,4%	55
Já, upplýsingar um réttindi	3,9%	19
Já, aðstoð vegna launamála	4,8%	23
Já, aðra þjónustu	1,4%	7
Nei enga ofangreinda þjónustu	31,9%	154
Vil ekki svara	0,4%	2

Tafla 30 sýnir hversu ánægðir eða óánægðir svarendur voru með veitta þjónustu. Hæst var hlutfall þeirra sem var mjög ánægðir með veitta þjónustu eða nær helmingur (48,6%). Ríflega þriðjungur var frekar ánægður (34%). Einn af hverju tíu voru hvorki ánægðir né óánægðir (10,3%), 2,5% voru frekar óánægðir og 1,1% mjög óánægðir.

Tafla 30. *Ánægð eða óánægð með þjónustu VM.*

	Hlutfall	N
Mjög ánægð(ur)	48,6%	137
Frekar ánægð(ur)	34,0%	96
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	10,3%	29
Frekar óánægð(ur)	2,5%	7
Mjög óánægð(ur)	1,1%	3
Vil ekki svara	3,5%	10

Tafla 31 sýnir ánægju eða óánægju svarenda með tilteknu þjónustu sem nýtt var. Af þeim sem nýttu orlofshúsaáðstöðu VM var ríflega helmingur (50,3%) mjög ánægður og 36,1% voru frekar ánægðir. Af þeim sem nýttu sjúkrasjóðinn voru 55,2% mjög ánægðir og 30,1% frekar ánægðir. Ríflega helmingur þeirra sem nýtti fræðslusjóðinn (50,9%) var mjög ánægður með veitta þjónustu og 36,4% frekar ánægðir. Af þeim svarendum sem sóttu eftir upplýsingum um réttindi sín voru 42,1% mjög ánægðir og 52,6% frekar ánægðir með þjónustuna. Einnig var

ríflega helmingur þeirra sem fékk aðstoð vegna launamála mjög ánægður (52,2%) með veitta þjónustu og 34,8% voru frekar ánægðir.

Tafla 31. *Ánægð eða óánægð með þjónustu eftir tegund þjónustu.*

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægður	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Vil ekki svara
Já, orlofshús/orlofssjóð	50,3%	36,1%	10,2%	0,7%	0%	2,7%
Já, sjúkrasjóð	55,2%	30,1%	9,8%	1,4%	2,1%	1,4%
Já, fræðslusjóð	50,9%	36,4%	5,5%	5,5%	0%	1,8%
Já, upplýsingar um réttindi	42,1%	52,6%	0%	5,3%	0%	0%
Já, aðstoð vegna launamála	52,2%	34,8%	8,7%	4,3%	0%	0%
